UST

**Umhverfisstofnun**

*Environment and Food Agency of Iceland*

Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

T (+354) 591 2000
Fax (+354) 591 2010
umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Reykjavík, 8. september 2006
Tilvísun: UST20060700120sf

**Gróðurathugun vegna Útnesvegar frá Háahrauni að Saxhóli.**

Vísað er til tölvupósts frá Skipulagsstofnun sem barst Umhverfisstofnun 1. september sl. þar sem óskað er eftir áliti Umhverfisstofnunar á upplýsingum sem fram koma í minnisblaði VSÓ ráðgjafar um gróðurathugun við Útnesveg á Snæfellsnesi.

Í framangreindu minnisblaði kemur fram að farið var í vettvangsferð þann 30. ágúst sl. til þess að rannsaka hvort plöntutegundirnar ferlaufungur og skrautpuntur vaxi á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði Útnesvegar. Gengið var meðfram veglínu og var leitarsvæði miðað við 5 m út frá vegstæði nema á þeim tveimur stöðum þar sem fyrirhugaður vegur víkur út frá núverandi vegi. Við þessa athugun á gróðri fundust hvorki ferlaufungur né skrautpuntur á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði.

Miðað við þær upplýsingar sem fram koma í minnisblaði VSÓ ráðgjafar telur Umhverfisstofnun ekki ástæðu til að ætla að fyrirhugaðar framkvæmdir við Útnesveg á Snæfellsnesi muni raska búsvæði ferlaufungs eða skrautpunts.

Virðingarfyllst

Sigurrós Friðriksdóttir
fagstjóri

Helgi Jensson
forstöðumaður